

verið lokað fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið vegna hrygningar nytjafiska eða hættu á seiðadrápi, með þeim afleiðingum, að eigendur viðkomandi báta hafi ekki getað gert ráðstafanir til veiða með sömu eða öðrum veiðarfærum á öðrum veiðisvæðum með svipuðum árangri og vænta hefði mátt á hinu friðaða veiðisvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimild skv. lögum þessum skal taka til veiða rækjubáta, sem ekki gátu hafið veiðar s. l. haust vegna mikils seiðafjölda, og gilda frá 1. okt. s. l.

Greinargerð.

Fyrir allmörgum árum, er dragnótaveiðar voru heimilar í Faxaflóa, gerðist það að meginveiðisvæðinu var lokað til að afstýra skemmdum á síldarhrognum, en talið var vitað að síld hefði hrygnt á svæðinu. Eigi var með öllu ljóst, hversu lengi lokunin þyrfti að standa, og vegna þeirrar óvissu og einnig af öðrum ástæðum var talið torvelt fyrir eigendur þeirra fiskibáta, sem veiðar stunduðu á umræddu svæði, að snúa sér að öðrum veiðum. meðan lokun kynni að standa, eða að stunda dragnótaveiðar á öðrum, fjarlægum veiðisvæðum.

Þar sem ljóst þótti, að umrædd lokun mundi valda eigendum bátanna verulegu tjóni, var núverandi síðustu mgr. 10. gr. sett í lög um aflatryggingasjóð. Ekki hefur komið til bóta samkvæmt henni nema í þetta eina skipti, enda verður að skýra svona undantekningarákvæði mjög þröngt.

Nú í haust hefur rækjuveiðisvæðum vestan- og norðanlands verið lokað vegna hættu á seiðadrápi. Sá floti, sem stundar rækjuveiðar, er ekki heppilegur til annarra veiða á þessum árstíma, og þótt reynt yrði að stunda aðrar veiðar er eiginlega alveg víst, að það yrði ekki gert með neitt svipuðum árangri og rækjuveiðarnar. Við þetta bætist svo það, að stöðugt hefur ríkt óvissa um það, hversu langvarandi lokunin yrði, og er óhætt að fullyrða, að menn áttu ekki von á því, að hún yrði eins langvarandi og raun hefur á orðið.

Það er því ljóst, að allt bendir til þess, að útgerðarmenn rækjubáta verði fyrir verulegu tjóni vegna þessarar langvarandi lokunar, og sýnist því réttmætt, að þeim séu veittar bætur vegna þessara aðgerða. Með tilliti til þess fordæmis, sem um getur í upphafi þessarar greinargerðar, þykir eðlilegt að aflatryggingasjóður greiði þessar bætur.

Á s. l. hausti gaf sjávarútvegsráðuneytið út rækjuveiðileyfi til 93 báta og skiptast þau þannig: Arnarfjörður 9, Ísafjörður 27, Bolungavík 9, Súðavík 4, Djúpa-vík 1, Hólmavík og Drangsnæs 12, Hvammstangi 4, Blönduós 3, Skagaströnd 5, Húsa-vík 10, Kópasker 6 og Berufjörður 3.

Rækjuveiðar hafa verið hafnar: á Húnaflóa á takmörkuðum svæðum frá 14. nóvember s. l., á Öxarfirði frá 5. október og verið stöðvaðar vegna seiðamagns. En í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði hafa veiðar ekki verið leyfðar enn sem komið er.